

Reykjavík, 10. september 2019

## **Samkomulag um sátt vegna brots Brims hf. á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti**

Hinn 10. júlí 2019 gerðu Fjármálaeftirlitið og Brim hf. (áður HB Grandi hf.), hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, hér eftir vvl., með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var líkt og áskilið er í tilvitnuðu lagaákvæði.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 8.200.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

### **Málsatvik**

Hinn 7. september 2018 kl. 16:18:43 birti málsaðili opinberlega tilkynningu þess efnis að hann hefði gert samning um kaup á öllu hlutfé útgerðarfélagssins Ögurvík ehf. Kaup málsaðila á Ögurvík ehf. fólu í sér þrepaskipt ferli sem hófst á vormánuðum 2018. Þann 29. ágúst 2018 var forstjóra málsaðila falið af stjórn hans að hefja samningaviðræður um kaupin. Á þeim tímapunkti, að teknu tilliti til heildarmats á þeim upplýsingum sem lágu til grundvallar á þeim tíma og þeirrar tilteknu stöðu sem upp var komin, uppfylltu upplýsingarnar hugtaksskilyrði 120. gr. vvl. um innherjaupplýsingar. Málsaðili birti ekki innherjaupplýsingarnar, né tók ákvörðun um frestun birtingar þeirra, fyrr en 7. september 2018.

Málsaðili óskaði eftir því að ljúka málinu með sátt.

### **Lagagrundvöllur**

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga og ber honum þá að uppfylla kröfur 4. mgr. 122. gr. vvl. Skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar er nýtt.

Brot á 1. mgr. 122. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

### **Sektarfjárhæð**

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að markmið reglna um upplýsingaskyldu útgefanda er að vernda trúverðugleika markaðarins og hagsmuni fjárfesta. Reglunum er ætlað að stuðla að trausti til markaðarins með því að tryggja að fjárfestum sé ekki mismunað og að þeim sé tryggður jafn aðgangur að upplýsingum. Sektarfjárhæðin tók ennfremur mið af tímalengd brotsins.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 8.200.000 krónur.

### **Réttaráhrif**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.